

# STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 2003

5. ágúst 2003

1917

Nr. 605

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Dalabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Dalabyggðar þann 15. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Ytra-Fell á Fellsströnd.

Deiliskipulagið tekur fyrir frístundabyggð með þremur lóðum. Lóðirnar eru upp af gamla bænum meðfram svokölluðum veiðimannavegi, sem liggur upp eftir Kjallakstaðaá.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Búðardal, 5. ágúst 2003.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Bogi Kristinsson**, byggingafulltrúi Dalabyggðar.

Nr. 606

## REIKNINGUR

### Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2002.

#### Rekstrarreikningur.

<b>Fjármunatekjur:</b>	<b>Skýringar</b>	<b>kr.</b>
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur .....		383.384.946
Aðrar vaxtatekjur .....		16.704.555
Lántökugjöld .....		<u>21.032.000</u>
Fjármunatekjur alls: .....		<u>421.121.501</u>
<b>Fjármagnsgjöld:</b>		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		(120.788.593)
Önnur vaxtagjöld .....		230.781
Lántökugjöld .....		<u>1.246.433</u>
Fjármagnsgjöld alls: .....		<u>(119.311.379)</u>
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu .....		540.432.880
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga .....	(1)	<u>0</u>
Hreinar fjármunatekjur: .....		<u>540.432.880</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>		
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....		<u>50.223.449</u>
Aðrar tekjur alls: .....		<u>50.223.449</u>